

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. júlí 2024

Mál nr. E-3600/2022:

**Jakob Adolf Traustason**

(sjálfur)

**gegn**

**A og B**

(Almar Þór Möller lögmaður)

**og C og D til réttargæslu**

(enginn)

## Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní 2024, höfðaði Jakob Adolf Traustason, [...], með stefnu birtri 4. júlí 2022, á hendur A, [...], persónulega og fyrir hönd B, til greiðslu skaðabóta. Til réttargæslu stefnir stefnandi C, [...], og D, [...].
- Endanlegar dómkröfur stefnanda á hendur stefndu A og B eru þær að þeim verði sameiginlega (in solidum) gert að greiða stefnanda 20.384.070 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi er málið var höfðað til greiðsludags. Þá er þess krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins, að teknu tilliti til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts.
- Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim, hvorum um sig, málskostnað að skaðlausu.
- Hvorki eru gerðar kröfur á hendur réttargæslustefndu, né af þeirra hálfu, en réttargæslustefndu hafa kosið að láta málið ekki til sín taka.
- Samhliða þeirri kröfu sem að framan greinir hafði stefnandi upphaflega jafnframt uppi kröfu um viðurkenningu á því að stefndu bæri að auki in solidum að greiða stefnanda fjárhæð sem jafngilti dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 19.488.000 krónum frá 19. febrúar 2010 til þess dags að mál þetta var höfðað, en til vara sem jafngilti öðru prósentuviðmiði og fyrir annað tímabil að mati dómsins, er gæfi lægri fjárhæð. Þeirri kröfu stefnanda var vísað frá dómi með úrskurði dómsins 17. febrúar 2023.

- 6 Stefnandi kærði framangreindan úrskurð til Landsréttar, sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms 28. mars 2023 með úrskurði sínum í máli nr. [...]. Stefnandi óskaði leyfis Hæstaréttar til að skjóta úrskurði Landsréttar til réttarins, en þeirri beiðni var hafnað með ákvörðun Hæstaréttar 23. maí 2023 í máli nr. [...].
- 7 Stefnandi lagði í framhaldi af þeim málalokum fram framhaldsstefnu í máli þessu 28. júní 2023, þar sem hann gerði meðal annars sömu kröfu og áður en í breyttri mynd. Var kröfum stefnanda í framhaldssök vísað frá dómi með úrskurði dómsins 14. september 2023. Sá úrskurður var ekki kærður til Landsréttar.

### **Málavextir**

- 8 Hinn 11. október 2007 andaðist E. Hann var kvæntur og átti þrjú börn með eiginkonu sinni, systurnar F og G og soninn H, sem öll erfðu E. Stefnandi var hálfbróðir þeirra systkina, sammæðra, en móðir hans og eiginkona E átti stefnanda fyrir hjúskapinn. Munu hjónin hafa skilið eftir að börnin voru uppkomin. Meðal eigna E var rúmlega 120 hektara landspilda úr landi [...] í [...], landnúmer [1], en þá spildu mun hann hafa undanskilið við sölu jarðarinnar árið 1998. Stefnandi mun hafa falast eftir landspildunni og óskað eftir því að spildan yrði afhent sér til eignar sem dánargjöf. Munu systurnar F og G jafnframt hafa talið eðlilegt að hann fengi eitthvað í sinn hlut úr dánarbúi E heitins.
- 9 F, hálf systir stefnanda, undirritaði persónulega og fyrir hönd systur sinnar G, samkvæmt umboði, yfirlýsingu 8. febrúar 2008 þar sem fallist var á að E hefði í dánargjöf gefið stefnanda nefnda landspildu til eignar. Gert var ráð fyrir að yfirlýsingin yrði einnig undirrituð af H, en hann mun ekki hafa skrifað undir skjalið. F undirritaði svo, fyrir sína hönd og G, afsal og yfirlýsingu 3. maí 2008 þar sem því var lýst yfir að stefnandi hefði eignast landið að gjöf frá E. Einnig kom þar fram að ef skjalið nægði ekki sem fullgild eignarheimild væri stefnandi með skjalinu lýstur réttur og löglegur eigandi landsins hvað varðaði eignarhlutdeild þeirra systra og að þær afsöluðu sér með öllu tilkalli og eignarrétti til landsins.
- 10 Við skipti á dánarbúi E var landspildunni, þrátt fyrir framangreint, ráðstafað með skiptayfirlýsingu 29. maí 2008 til F, G og H í jöfnum hlutföllum. Var yfirlýsingin móttækin til þinglýsingar 19. desember sama ár og henni þinglýst 22. þess mánaðar. Eftir að landspildunni hafði verið skipt milli systkinanna var henni með stofnskjali 15. október 2008 skipt upp í tvo hluta. Stærri hlutinn varð 78 hektarar og hélt

upprunalegu landnúmeri, [1], en sá minni, sem varð 46,46 hektarar, fékk landnúmerið [2]. Voru landskiptin staðfest af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 27. febrúar 2009, sbr. 2. mgr. 13. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Staðfestingin var móttækin til þinglýsingar 11. mars 2009 og færð í þinglýsingabók degi síðar.

- 11 Systurnar F og G og bróðirinn H seldu þriðja manni minni spilduna, með landnúmerið [2], með kaupsamningi 18. desember 2008. Afsal var gefið út 3. mars 2009 og því þinglýst 12. sama mánaðar. Kaupandinn seldi spilduna áfram til nafngreinds aðila 4. mars 2009 og var afsali fyrir þeim kaupum einnig þinglýst 12. sama mánaðar.
- 12 Með kaupsamningi 19. desember 2008 seldu systurnar F og G stærri spilduna, með landnúmerið [1], H bróður sínum og var afsal gefið út sama dag. Í kaupsamningnum kom fram að systurnar teldu *sig hvorki skuldbundnar af yfirlýsingu, dags. 3. maí 2008, þess efnis að þær afsali tilkalli og eignarrétti að umræddri fasteign að [...], til Jakobs A. Traustasonar... né af öðrum skjölum sem þær hafa undirritað og varða eignarhald Jakobs að fasteigninni*. Var jafnframt tekið fram að samningurinn væri gerður með fyrirvara um eignarhald systranna.
- 13 Stefnandi höfðaði 25. júní 2009 mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur H hálfbróður sínum, aðallega til viðurkenningar á eignarrétti sínum að stærri spildunni, með landnúmerið [1]. Til vara krafðist stefnandi þess að viðurkenndur yrði eignarréttur hans að tveimur þriðju hlutum spildunnar en til þrautavara að viðurkenndur yrði eignarréttur hans að einum þriðju hluta hennar. Málið fékk númerið E-[...]. Dómur var kveðinn upp 11. febrúar 2010 þar sem fallist var á varakröfu stefnanda og viðurkennt að hann væri eigandi að tveimur þriðju hlutum landspildunnar. Stefnandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar 16. febrúar 2010 og var málið dæmt þar með dómi Hæstaréttar 3. apríl 2014 í máli nr. [...]. Var eignarréttur stefnanda að landspildunni viðurkenndur að tveimur þriðju hlutum.
- 14 Hálf systur stefnanda, F og G, höfðuðu í janúar 2010 mál á hendur honum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til að fá ógilta fyrrgreinda yfirlýsingu, dags. 8. febrúar 2008, og afsal og yfirlýsingu, dags. 3. maí sama ár. Fékk málið málsnúmerið E-[...]. Málið var þingfest 19. janúar 2010 en dómur kveðinn upp 8. desember sama ár. Með dóminum voru fyrrnefnd yfirlýsing systranna, dagsett 8. febrúar 2008, og afsal þeirra og yfirlýsing, dagsett 3. maí sama ár, felld úr gildi. Stefnandi áfrýjaði málinu til

Hæstaréttar 9. febrúar 2011 og krafðist aðallega sýknu en til vara að málinu yrði vísað frá héraðsdómi. Var málið dæmt í Hæstarétti 26. janúar 2012, mál nr. [...], og stefnandi þar sýknaður af kröfum systranna um ógildingu nefndra skjala.

- 15 Stefnandi, sem er ólöglærður, rak sjálfur mál sitt gegn H hálfbróður sínum, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar mál nr. [...]. Hann fól hins vegar lögmonnum að taka til varna og flytja fyrir sig mál systranna F og G gegn honum fyrir héraðsdómi, mál nr. E- [...], fyrst stefnda A og síðar réttargæslustefnda C. Stefndi A samdi meðal annars greinargerð í málinu í héraði og rak málið fyrir stefnanda til 27. ágúst 2010. Þá mun réttargæslustefndi C hafa tekið við málinu, flutt það og rekið þar til dómur féll í málinu 8. desember sama ár. Stefnandi flutti málið hins vegar sjálfur fyrir Hæstarétti, þar mál nr. [...].
- 16 Aðila greinir á um það hvenær stefnandi hafi fyrst haft samband við stefnda A vegna framangreinds máls hálsystra hans á hendur honum, nr. E- [...]. Heldur stefnandi því fram að hann hafi haft samband við stefnda fljótlega eftir þingfestingu málsins 19. janúar 2010. Stefnandi halda því á móti fram að stefndi A hafi fyrst komið að málinu fyrir hönd stefnanda nokkrum dögum fyrir fyrirtöku í málinu 16. mars það ár, en ekki haft af því afskipti fyrir þann tíma.
- 17 Bókað er í þingbók máls nr. E- [...] fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur að stefnandi hafi sjálfur sótt þing við þingfestingu málsins 19. janúar 2010 og þá fengið frest til 16. febrúar sama ár til að leggja fram greinargerð. Jafnframt er skráð í þingbók málsins að 16. febrúar 2010 hafi Tryggvi Viggósson lögmaður mætt fyrir hönd stefnanda (stefnda í því máli) og fengið frest til að leggja fram greinargerð til 16. mars sama ár.
- 18 Hinn 16. mars 2010 er skráð í þingbók framangreinds máls að stefnandi hafi sjálfur sótt þing (stefndi í því máli) og upplýst að A lögmaður *kæmi inn í málið fyrir hans hönd*. Óskaði stefnandi jafnframt eftir fresti til framlagningar greinargerðar, sem lögmaður gagnaðila andmælti. Var stefnandi (stefnda í málinu) þá veittur lokafrestur til framlagningar greinargerðar til 23. mars 2010. Þann dag er bókað í þingbók málsins að Tryggvi Viggósson lögmaður hafi mætt vegna A lögmanns og lagt fram greinargerð, ásamt fylgiskjölum. Var greinargerðin dagsett 20. mars 2010.
- 19 Stefnandi gerði annars vegar, fyrir milligöngu stefnda A, þá kröfu í máli nr. E- [...] að því yrði vísað frá dómi en til vara að stefnandi (stefndi í því máli) yrði sýknaður af kröfum systranna F og G. Af gögnum málsins má ráða að stefndi A hafi í þinghaldi í

málinu 9. júní 2010 lýst því yfir að hann væri tilbúinn að falla frá frávísunarkröfu gegn því að kröfugerð stefnanda, systranna F og G, væri lagfærð. Bókað er í þingbók málsins að 15. sama mánaðar hafi lögmaður systranna lagt fram breytta kröfugerð og stefndi A lýst því yfir að fallið væri frá frávísunarkröfu í málinu.

- 20 Hagsmunagæslu stefnda A fyrir stefnanda lauk 27. ágúst 2010 er stefnandi leysti stefnda frá störfum með símskeyti. Í símskeytinu sagði orðrétt: *Vegna ástæðna og atvika þá tek ég hér með dómsmál nr. E-[...] fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, F og G gegn Jakobi Traustasyni úr þínum höndum. Þetta tilkynni ég hér með. Ég hef fengið annan lögmann til að mæta við næstu fyrirtöku málsins og þín er ekki þörf við fyrirtökuna. Ég mun síðar gera þér nánari grein fyrir hvað veldur og hvort eða að hvaða leiti ég mun gera þig ábyrgan eða gera á þig kröfur og er hér með hafður uppi áskilnaður og fyrirvari um slíkt.*
- 21 Stefnandi höfðaði 9. október 2015 mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands gegn hálfssysteminum sínum, F, G og H, sem lést undir rekstri málsins í ágúst 2017. Var stefna í málinu birt fyrir þeim systkinum á tímabilinu 9.–17. desember 2015. Krafðist stefnandi þess meðal annars að systkinin yrðu dæmd til að greiða honum 19.488.000 krónur vegna ráðstöfunar þeirra á minni landspildunni, með landnúmer [2], til þriðja aðila, með kaupsamningi dagsettum 18. desember 2018, þvert á rétt stefnanda samkvæmt yfirlýsingu 8. febrúar 2008 og afsali og yfirlýsingu 3. maí sama ár. Jafngilti sú fjárhæð tveimur þriðju hlutum söluandvirðis landspildunnar.
- 22 Með dómi Héraðsdóms Suðurlands 16. júlí 2018 voru F, H og dánarbú G sýknuð af nefndri kröfu stefnanda þegar af þeirri ástæðu að hún væri fyrnd. Þeim dómi var áfrýjað til Landsréttar. Með dómi Landsréttar 10. maí 2019 í máli nr. [...] var komist að gagnstæðri niðurstöðu og F, H og dánarbúi G gert að greiða stefnanda 19.488.000 krónur. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar.
- 23 Með dómi Hæstaréttar 29. janúar 2020 í máli nr. [...] var fallist á að stefnandi hefði eignast skaðabótakröfu á hendur systkinunum, F, G og H, vegna framangreindrar ráðstöfunar þeirra á nefndri landspildu 18. desember 2009. Var jafnframt miðað við að krafa stefnanda um skaðabætur hefði stofnast á því tímamarki þegar eigninni var ráðstafað með fyrrnefndum kaupsamningi. Voru lög nr. 150/2007 þar af leiðandi talin hafa gilt varðandi fyrningu kröfunnar, sbr. meðal annars 28. gr. þeirra.

- 24 Í ofangreindum dómi Hæstaréttar var vísað til þess að miða skyldi upphaf fyrningarfrests vegna skaðabótakröfu stefnanda á hendur hálf systkinum sínum við 25. júní 2009, þ.e. við höfðun fyrrnefnds máls hans á hendur hálfbróður hans H, sem lyktaði sem fyrr segir með dómi Hæstaréttar 3. apríl 2014 í máli nr. [...]. Var talið að stefnandi hefði í síðasta lagi við höfðun þess máls í héraði haft nauðsynlegar upplýsingar um ætlað tjón sitt og hver bæri ábyrgð á því tjóni. Var þar af leiðandi talið að fyrningarfrestur hefði þá byrjað að líða og krafa stefnanda því verið fyrnd er hann höfðaði mál sitt á hendur þeim F, G og H í desember 2015, rúmum sex árum síðar, enda hefði fyrningu ekki verið slitið með viðurkenningu á greiðsluskyldu, sbr. 14. gr. laga nr. 150/2007. Voru systkinin því sýknuð af kröfu stefnanda í málinu.
- 25 Ágreiningslaust er að stefndi A, sem gætti sem lögmaður hagsmuna stefnanda í héraðsdómsmálinu nr. E-[...] fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur um tíma á árinu 2010, hefur rekið lögmannþjónustu sína í einkahlutafélagi, sem nú ber heitið B, en hét áður I. Á meðan stefndi A veitti stefnanda þjónustu árið 2010 bar lögmannsstofa hans síðarnefnda nafnið, I Félagið mun hafa gert stefnanda reikning vegna þjónustu stefnda A. Meðal gagna málsins er ljósrit af greiðsluseðli, sem óumdeilt er að sé vegna þjónustu stefndu í framangreindu máli, að fjárhæð 448.035 krónur. Vísað er til meðfylgjandi reiknings, sem ekki liggur frammi í málinu, en sagður er hafa verið á gjalddaga 26. apríl 2010. Ber ljósritið með sér að greiðsluseðillinn hafi verið greiddur 3. maí 2010.
- 26 Byggir stefnandi mál þetta á því að stefnda A sé um að kenna að krafa hans á hendur systkinunum F, G og H hafi fyrnst, sbr. fyrrnefndan dóm Hæstaréttar 29. janúar 2020 í máli nr. [...]. B beri meðábyrgð vegna þess tjóns sem af því hafi hlotist. Er jafnframt rakið í stefnu að tjón stefnanda, og þar með skaðabótakrafa á hendur stefndu, jafngildi þeirri kröfu sem tapast hafi með fyrrnefndum dómi Hæstaréttar, þ.e. 19.488.000 krónum, að viðbættum 896.070 krónum, sem stefnandi segir vera uppfærða (tvöfalda) þóknun stefnda A. Samtals nemur því krafa stefnanda á hendur stefndu 20.384.070 krónum ( $19.488.000 + 896.070 (2 \times 448.035) = 20.384.070$ ).

### **Helstu málsástæður stefnanda**

- 27 Stefnandi byggir mál sitt á því að stefndi A hafi vanrækt skyldu sína til að gagnstefna í héraðsdómsmálinu nr. E-[...] fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, svo og að sjá til þess að hálfbróður hans, H, væri stefnt inn í gagnsökina. Hafi stefndi þannig vanrækt að

gera með þeim hætti kröfur um greiðslu úr hendi stefnenda í því máli, systranna F og G, vegna tjóns sem þær og H bróðir þeirra höfðu valdið stefnanda, með því fyrst að halda fyrir honum landinu sem um ræddi, en svo með ráðstöfun sama lands, eftir að því hafði verið skipt upp í tvær landspildur. Byggir stefnandi á því að hefði stefndi gagnstefnt í málinu hefðu kröfur hans á hendur hálf systkinum hans verið tryggðar.

- 28 Stefndi A hafi að auki brotið lögmannsskyldur sínar gagnvart stefnanda með því að leiðbeina lögmanni systranna í ofangreindu máli, ásamt því að hann hafi fallið frá frávísunarkröfu í málinu án heimildar eða vitundar stefnanda. Þá hafi ekki verið vísað til málgagna í málinu með tilhlýðilegum hætti og stefnda A yfirsést formgalli á málinu, sem átt hefði að leiða til frávísunar. Stefndi A hafi með þessum hætti unnið gegn hagsmunum stefnanda og valdið honum bótaskyldu tjóni.
- 29 Byggir stefnandi á því að stefndi hefði átt að sjá til þess að máli systranna gegn honum yrði vísað frá héraðsdómi. Byggir stefnandi einnig á því að stefnda A hafi verið skylt að gera ráðstafanir til að tryggja að kröfur hans á hendur hálf systkinum sínum myndu ekki færi svo að máli nr. E-[...] yrði ekki vísað frá dómi. Með háttsemi sinni hafi stefndi A sömuleiðis valdið um þriggja ára töfum á máli nr. [...] fyrir Hæstarétti Íslands, sem stefnandi höfðaði sem fyrir á hendur H hálfbróður sínum 25. júní 2009, og um leið á heildarmálum hans gegn erfingjum E heitins. Heldur stefnandi því nánar tiltekið fram að ef stefndi hefði ekki haft framangreind áhrif á mál nr. E-[...], sem hafi leitt til þess að því hafi ekki verið vísað frá héraðsdómi, hefði dómur Hæstaréttar í máli nr. [...], þ.e. um gildi nefndra skjala, legið fyrir í febrúar 2011.
- 30 Vísar stefnandi í þessu samhengi til þess að Hæstiréttur hafi ákveðið að bíða með að kveða upp dóm í máli hans gegn H hálfbróður hans, máli nr. [...] fyrir Hæstarétti, vegna dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 8. desember 2010 í máli hálf systranna gegn honum, í kjölfar áfrýjunar þess dóms til Hæstaréttar 9. febrúar 2011. Í báðum þessum málum hafi verið fjallað um sömu skjölin, þ.e. yfirlýsinguna frá 8. febrúar 2008 og afsalið og yfirlýsinguna frá 3. maí sama ár, en niðurstöður undirréttar í málunum tveim hafi verið andstæðar.
- 31 Byggir stefnandi mál sitt með öðrum orðum á því að stefndi A hafi með framan- greindri háttsemi sinni gagnvart honum, í málinu nr. E-[...], valdið því að skjölin, sem stefnandi byggði eignarétt sinn yfir nefndu landi á, hafi með dómi í því máli verið

- dæmd ógild áður en til þess hafi komið að Hæstiréttur tæki mál hans gegn H hálfbróður hans, mál nr. [...], til flutnings og dómtöku 14. febrúar 2011. Stefnandi telur fullvíst að Hæstiréttur hefði dæmt um gildi skjalanna í því máli og í þeim mánuði, ef ekki hefði legið fyrir dómur héraðsdóms í máli hálfsysstranna gegn honum, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 8. desember 2010 í máli nr. [...].
- 32 Þá gefur stefnandi sér að niðurstaða Hæstaréttarmáls hans á hendur H hefði í febrúar 2011 orðið sú sama og síðar varð niðurstaða Hæstaréttar í Hæstaréttarmáli hans gegn systrunum F og G 3. apríl 2014, þ.e. í máli nr. [...], þ.e. að eignarheimild stefnanda að landinu hefði verið gild. Telur stefnandi jafnframt að stefndi A beri ábyrgð á því að umrædd skjöl hafi verið dæmd ógild með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 8. desember 2010 í máli nr. E-[...].
- 33 Byggt er á því að ef dómur Hæstaréttar hefði verið kveðinn upp í febrúar 2011 hefði sá dómur staðfest að framangreind skjöl væru gild og um eignarrétt stefnanda að landinu. Stefnanda hefði að sama skapi verið heimilt að byggja á skjölunum. Hefði stefnandi þá í beinu framhaldi af þeim dómi höfðað mál gegn erfingjum E heitins til heimtu þeirra krafna sem síðar fyrndust. Að sama skapi hefði verið hægt að innheimta kröfurnar á þeim tíma og stefnandi því ekki orðið fyrir tjóni vegna fyrningar þeirra. Heldur stefnandi því fram að stefndu beri sönnunarbyrði fyrir því í þessu máli að stefnandi hefði ekki höfðað slíkt mál á þeim tíma, hefði dómur Hæstaréttar um gildi skjalanna þá legið fyrir, þ.e.a.s. ef kröfurnar hefðu ekki þegar fengist dæmdar á grundvelli gagnsakar í máli nr. E-[...] fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 34 Byggir stefnandi samkvæmt framansögðu á því að tjón hans sé bein afleiðing þess að stefndi A hafi ekki gætt á réttan hátt þeirra hagsmuna sem stefnandi fól honum. Stefnandi hafi sömuleiðis mátt vera í góðri trú um að fyrningarfrestur væri ekki að líða á meðan mál hálfsysstra hans væri til meðferðar fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti. Sönnunarbyrði um tjón beri sömuleiðis að snúa við, í ljósi sérfræði-ábyrgðar stefndu. Þá hafi stefndu borið að sjá til þess að tryggingar bættu tjón stefnanda. Stefndu beri sömuleiðis sönnunarbyrði um að hann hafi ekki sýnt af sér þá háttsemi og athafnaleysi sem að framan er lýst, svo og að háttsemi hans sé ekki orsök tjóns stefnanda.
- 35 Byggir stefnandi á því að stefnda A hafi, sem sérfræðingi í lögum, verið skylt að gera stefnanda grein fyrir mögulegum afleiðingum þess að hann gagnstefndi ekki

stefnendum í máli nr. E-[...] í því máli, ásamt mögulegum afleiðingum þess ef málið tæki langan tíma fyrir dómstólum, eða tefði fyrir úrlausn Hæstaréttarmálsins nr. [...]. Þá hefði stefndi átt að leiðbeina stefnanda um úrræði ef málin þróuðust þannig að stefnandi kynni að tapa kröfum sínum, meðal annars fyrir fyrningu. Þá skyldu hafi stefndi vanrækt og beri einnig af þeim sökum ábyrgð gagnvart stefnanda vegna þess tjóns sem af því leiddi.

- 36 Byggir stefnandi á því að stefndi A hafi þekkt málið nr. [...], innviði þess, stöðu og ferli. Honum hafi jafnframt borið að fylgjast með ferli þessara mála af hliðarlínunni og því hvernig þau þróuðust fyrir dómstólum, ásamt því að veita stefnanda ráðgjöf í ljósi þess og til að forða honum réttarspjöllum og tjóni vegna fyrri aðkomu hans að málunum. Stefndi hafi vanrækt þá skyldu sína og beri ábyrgð á því tjóni sem af því hafi leitt.
- 37 Stefndi byggir á því að stefndi A hafi ekki heldur leitast við að fylgjast með og lágmarka það tjón sem leiddi af vanrækslu hans. Skaðinn af völdum vanrækslu stefnda A hafi sömuleiðis ekki verið stefnanda fyrirsjáanlegur, en tjónið hafi fyrst komið í ljós með dómi Hæstaréttar 29. janúar 2020 í máli nr. [...]. Þá hafi stefndi sem lögfróður maður mátt vita að útkoman kynni að vera ósamrýmanlegir dómar.
- 38 Þá er á því byggt að stefndi A hefði átt að krefjast frávísunar máls nr. E-[...] á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í ljósi þess að við þingfestingu málsins hafi legið fyrir að dæmt yrði um gildi umræddra skjala í máli nr. E-[...], sem stefnandi hafði þá, eins og áður segir, höfðað gegn hálfbróður sínum, H.

#### **Helstu málsástæður stefndu**

- 39 Stefndu byggja mál sitt á því að stefndi A hafi að öllu leyti staðið við þá skuldbindingu sem hann hafði tekist á hendur fyrir stefnanda í mars 2010, sem hafi lotið að því einu að verja stefnanda gegn kröfum hálfsysstra hans, F og G. Stefndi hafi ekki haft aðrar skyldur gagnvart stefnanda, hvorki samkvæmt lögum né á grundvelli beiðni stefnanda.
- 40 Stefndi A hafi auk þess að lögum ekki getað haft uppi gagnsök fyrir stefnanda, þar sem hann hafi ekki verið ráðinn til lögmannsstarfa fyrr en í mars 2010. Lögboðinn frestur til að höfða gagnsakarmál á grundvelli 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um

meðferð einkamála hafi þá verið liðinn. Auk þess hafi stefnandi aldrei rætt við stefnda A um þörf gagnsakar, hvað þá að vikið væri að einhverju sem réttlætt gæti höfðun hennar eftir að lögboðinn frestur var runninn út.

- 41 Stefndu vísa einnig til þess að þegar hálf systur stefnanda hafi þingfest mál sitt á hendur honum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 19. janúar 2010 hafi stefnandi þegar verið búinn að höfða mál á hendur H hálfbróður sínum fyrir sama dómstóli, með stefnu birtri 25. júní 2009. Það mál hafi verið þingfest 30. júní 2009. Stefnandi hafi rekið málið á hendur H sjálfur. Í stefnunni hafi meðal annars verið fjallað um skaðabótakröfu hans á hendur hálf systkinum sínum, F, G og H, fengi hann ekki eignarrétt sinn að landinu viðurkenndan. Þá hafi sérstaklega verið áskilinn réttur til skaðabóta vegna 46,4 hektara lóðar, sem seld hafði verið. Stefnandi hafi tekið fram í stefnunni að hún hefði verið gerð í flýti til að forða frekari réttarspjöllum.
- 42 Stefndu benda á að A hafi ekki tekið að sér neina leiðsögn gagnvart stefnanda varðandi rekstur máls hans á hendur H hálfbróður hans eða neinum öðrum sem hann átti síðar í málastappi við, og að á stefnda A hafi ekki hvílt nein lagaskylda þar að lútandi, eins og stefnandi virðist að einhverju leyti byggja á í stefnu þessa máls. Öllum slíkum getgátum sé vísað á bug sem röngum og ósönnuðum.
- 43 Með vísan til framangreinds telja stefndu ljóst að stefnandi hafi í júní 2009, og sennilega fyrr, gert sér grein fyrir því að hann gæti átt skaðabótakröfur á hendur hálf systkinum sínum vegna ráðstafana á landspildum úr landi stjúpöður hans, meðal annars til nafngreinds þriðja manns, sem fengið hafði afsal 3. mars 2009 fyrir 46,46 hektara spildu með landnúmeri [2] á grundvelli kaupsamnings frá 18. desember 2008.
- 44 Stefndu benda á að stefnandi hafi höfðað mál á hendur hálf systkinum sínum 9. október 2015, með stefnu útgefni þann dag, sem birt var á tímabilinu 9.–17. desember sama ár. Kröfur hans hafi þá verið fyrndar, en upphafstími fyrningarfrests hafi verið sá dagur er stefnandi stefndi H, 25. júní 2009. Málsókn hálf systra stefnanda, F og G, á hendur honum hafi engu breytt um fyrningartíma eða upphafstímamark hans. Framgangur þess máls sem stefndi A hafi um skamman tíma veitt lögfræðiþjónustu vegna hafi því engin áhrif haft á skaðabótakröfu stefnanda eða upphafstíma fyrningar hennar, eins og sérstaklega komi fram í forsendum Hæstaréttar í dómi réttarins 29. janúar 2020 í máli nr. [...].

- 45 Stefndu byggja einnig á því að stefndi A hafi ekki bakað stefnanda tjón með þeirri lögfræðipjónustu sem hann veitti stefnanda frá mars til ágúst 2010. Með dómi Hæstaréttar 26. janúar 2012 í máli nr. [...] hafi stefnandi haft fullan sigur í því máli sem stefndi A hafi verið ráðinn til að gæta hagsmuna stefnanda í. Ekkert saknæmt eða ólöglegt hafi verið við þá ráðgjöf og vinnu, sem orsakað hafi tjón stefnanda, þannig að stefndu geti talist bera fébótaábyrgð á tjóni hans. Beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu.
- 46 Stefndu byggja enn fremur á því að bótakröfur stefnanda á hendur hálf systkinum hans hafi verið ófyrndar í janúar 2012 og honum ekkert að vanbúnaði að höfða mál til heimtu þeirra, sem hann hafi kosið að gera ekki, heldur efna til frekari málaferla um annað en skaðabætur úr hendi hálf systkina sinna. Stefndi einn beri ábyrgð á því háttalagi, en ekki þeir sem hvorki vissu né máttu vita um málarekstur stefnanda frá og með ágúst 2010. Stefndi A geti ekki borið skaðabótaábyrgð á því, löngu eftir að samningssambandi hans og stefnanda um lögfræðipjónustu hafi verið lokið, að stefndi hafi ekki fyrr höfðað mál til heimtu skaðabóta úr hendi hálf systkina sinna.
- 47 Í því sambandi benda stefndu á að tafir á máli Hæstaréttar nr. [...] hafi einmitt verið vegna athafna stefnanda sjálfs og ágreinings við hálf systkini hans. Með dómi Hæstaréttar frá 26. janúar 2012 í máli nr. [...] hafi stefnandi verið sýknaður af kröfum systra sinna. Í kjölfarið virðist ágreiningur hafa orðið meðal aðila þess máls um yfirlýsingu frá 20. febrúar 2012, sem hafi verið sögð stafa frá stefnanda. Efni hennar hafi verið á þá leið að umþrætt skjöl í málinu hefðu ekkert lagalegt gildi. Þá yfirlýsingu hafi stefnandi véfengt í munnlegum málflutningi máls nr. [...] fyrir Hæstarétti 1. júní 2012 og upplýst að hann hefði kært fölsun á nafnritun sinni til lögreglu. Af þeim ástæðum hafi Hæstiréttur tekið ákvörðun á grundvelli síðari málsliðar 3. mgr. 102. gr., sbr. 166. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um frestun málsins þar til rannsókn lögreglu væri lokið. Af umfjöllun um málsatvik í dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] megi ráða að málarekstri vegna ætlaðs skjalafals hafi ekki lokið fyrr en með dómi Hæstaréttar 24. janúar 2014, þ.e. réttum tveimur árum eftir að dómur í máli nr. [...] lá fyrir og þá fyrst hafi Hæstarétti verið fært að kveða upp dóm sinn í máli nr. [...].
- 48 Stefndu byggja á því að allt sem komi fram í stefnu um hlutverk og skyldur stefnda A, og að brot á þeim í störfum hans í þágu stefnanda hafi orsakað það að hann hafi glatað fyrir fyrningu bótakröfu á hendur hálf systkinum sínum, sé getgátur. Ekki sé

um að ræða fullnægjandi sönnun um orsakatengsl milli ætlaðs tjóns og þess að stefndi A hafi ekki fylgt samningum, eða settum reglum, um það sem honum hafi borið að gera til að verjast kröfu hálfsysstra stefnanda, í málaferlum árið 2010 um ógildingu skjala sem eignarréttur hans að tiltekinni landspildu byggðist á.

- 49 Stefndu byggja á því að þeim hafi fyrst verið kunnugt um meinta bótaskyldu sína þegar þeim hafi verið birt bréf stefnanda, dags. 8. júní 2022, um greiðslu tjóns vegna fyrningar skaðabótakröfu stefnanda á hendur hálf systkinum sínum. Í bréfinu hafi verið byggt á því að stefnda A hefði verið falið gæta hagsmuna stefnanda á þann veg í mars til ágúst 2010 að skaðabótakrafa stefnanda færi ekki forgörðum. Þetta sé rangt. Annar lögmaður hafi auk þess tekið við lögfræðilegri ráðgjöf til stefnanda og rekið málið þar til dómur gekk í héraði. Að gengnum héraðsdómi hafi stefnandi sjálfur tekið málið í sínar hendur. Hann hafi hins vegar ekkert gert í því að hefja málsókn til heimtu skaðabóta fyrir en árið 2015, eða rúmum sex árum eftir upphaf fyrningarfrests.
- 50 Fari svo ólíklega að stefndi A teljist ekki hafa gætt hagsmuna stefnanda á tímabilinu mars til ágúst 2010 í samræmi við sakarefni máls nr. E-[...] og gildandi rétt sé ljóst að skaðabótakrafa og krafa um endurgreiðslu reiknings vegna vinnu árið 2010 hafi verið fyrndar á árinu 2014, ef ekki fyrir fallnar niður fyrir sakir tómlætis. Hvað sem öðru líði hafi allar kröfur stefnanda á hendur stefndu, ef einhverjar hafa einhvern tíma verið til, verið löngu fyrndar þegar mál þetta var höfðað í byrjun júlí 2022, eða 12 árum eftir upphaf fyrningarfrests, enda eigi ákvæði fyrningarlaga um viðbótarfresti samkvæmt III. kafla laganna ekki við.

### **Niðurstaða**

- 51 Að mati dómsins verður málatilbúnaður stefnanda, sem er ólöglerður, ekki skilinn á annan veg en þann að hann byggi kröfur sínar á hendur stefndu fyrst og fremst á sakarreglu skaðabótaréttarins og eftir atvikum reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Samkvæmt þeim reglum verða bætur aðeins dæmdar ef sannað þykir að sá sem kröfu er beint að, ætlaður tjónvaldur, eða aðili sem hann ber ábyrgð á, hafi valdið þeim er kröfuna gerir tjóni, með saknæmri og ólögmætri háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, að orsakasamband sé á milli meints tjóns og nefndrar háttsemi og að tjón tjónþola sé sennileg afleiðing af háttsemi ætlaðs tjónvalds. Þurfa öll þessi skilyrði að vera uppfyllt til að bætur verði dæmdar.

- 52 Sá sem byggir mál sitt á nefndum reglum skaðabótaréttarins ber sömuleiðis sönnunarbyrði um að skilyrði þeirra séu uppfyllt, þ. á m. um að viðkomandi hafi orðið fyrir tjóni sem sé sennileg afleiðing af saknæmri og ólögmætri háttsemi annars. Hvað þetta tiltekna mál varðar breytir engu í þessu tilliti þótt stefndi A sé sérfræðingur í lögum. Stefnandi ber eigi að síður sönnunarbyrði um að tjón hans megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi stefndu, annars eða beggja, svo og um að tjón hans sé sennileg afleiðing af þeirri háttsemi. Því er þar með hafnað að stefndu beri sönnunarbyrði um að þeir hafi ekki, annar eða báðir, sýnt af sér saknæma eða ólögmæta háttsemi, eða að háttsemi þeirra hafi ekki leitt til tjóns fyrir stefnanda, svo og um umfang tjónsins.
- 53 Stefnandi heldur því fram, samkvæmt framansögðu, að stefndu beri ábyrgð á því samkvæmt framangreindum reglum skaðabótaréttarins að skaðabótakröfur hans á hendur hálf systkinum hans töpuðust vegna fyrningar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 29. janúar 2020 í máli nr. [...]. Stefnandi A hafi með öðrum orðum, á árinu 2010, sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi, með athöfnum og athafnaleysi, í störfum sínum fyrir stefnanda, sem leitt hafi til þess að kröfur hans glötuðust vegna fyrningar. Stefnandi heldur því einnig fram að á milli nefndrar háttsemi árið 2010 og tjóns stefnanda hafi verið orsakatengsl, en tjónið hafi ekki komið fram fyrr en með dómi Hæstaréttar 29. janúar 2020. Tjónið hafi eigi að síður verið sennileg afleiðing af saknæmri og ólögmætri háttsemi stefnda A árið 2010.
- 54 Meginþunginn í málalíbúnaði stefnanda lýtur að tveimur atriðum, annars vegar að stefndi A hafi látið hjá líða að gagnastefna í máli nr. E-[...] fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, en stefndi annaðist sem fyrr segir hagsmunagæslu fyrir stefnanda í því máli um tíma. Þar sé um að ræða saknæmt og ólögmætt athafnaleysi stefnda A. Hins vegar lýtur málalíbúnaður stefnanda að því að stefndi hafi fallið frá frávísunarkröfu í málinu, án vitneskju og samþykkis stefnanda. Þar sé um að ræða saknæma og ólögmæta athöfn stefnda A. Heldur stefnandi því fram að ef stefndi hefði ekki fallið frá frávísunarkröfunni hefði staða hans orðið önnur við úrlausn Hæstaréttar um skaðabótakröfur hans á hendur hálf systkinum sínum, sbr. fyrrnefndan dóm Hæstaréttar 29. janúar 2020 í máli nr. [...].
- 55 Samkvæmt 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður að höfða gagnsök innan mánaðar frá þingfestingu aðalsakar í máli. Aðalsök í máli hálf systra stefnanda á hendur honum, máli nr. E-[...] fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, var sem

- fyrir segir þingfest 19. janúar 2010. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar má hafa uppi gagnkröfu í máli eftir það tímamark, verði það ekki metið varnaraðila til vanrækslu að hafa ekki gert gagnkröfu sína í tæka tíð.
- 56 Eins og rakið er hér að framan í málavaxtahluta dómsins ber þingbók málsins með sér að stefndi A hafi fyrst komið að málinu gagnvart dóminum 16. mars 2010, en ekki haft af því afskipti fyrir þann tíma. Þingbókin er opinbert skjal, sbr. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 91/1991. Um slík skjöl gilda þær reglur að þau teljast ófölsuð þar til annað sannast, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Skal efni þeirra sömuleiðis talið rétt ef þau varða tiltekin atvik sem sagt er að hafi gerst í embætti eða sýslan útgefanda, sbr. 3. mgr. sömu greinar.
- 57 Stefnandi hefur ekki með nokkrum hætti leitt að því líkur, og enn síður gert sennilegt, að efni þingbókar Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-[...] sé rangt eða að það sé ekki rétt sem fram kemur í þingbókinni. Samkvæmt því verður lagt til grundvallar dómi í þessu máli að stefndi A hafi fyrst komið að máli stefnanda skömmu fyrir fyrirtöku í málinu 16. mars 2010, eins og hann hefur sjálfur haldið fram, en ekki haft af því afskipti fyrir þann tíma. Var þá liðinn sá tími sem stefnandi hafði sem stefndi í því máli til að hafa uppi gagnsök í málinu, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Þá hefur stefnandi engan veginn sýnt fram á að undantekningarákvæði 3. mgr. sömu greinar hefði átt við í málinu, þar sem það hefði ekki verið metið honum til vanrækslu að gera ekki gagnkröfu sína í tæka tíð.
- 58 Að því virtu og þegar af þeirri ástæðu verður stefnda A ekki kennt um að ekki var höfð uppi gagnsök í framangreindu máli. Slíkt var eðli máls samkvæmt og óháð öllu öðru á ábyrgð stefnanda, en ekki stefnda, enda mætti stefnandi sjálfur við þingfestingu málsins 19. janúar 2010 og ekki verður betur séð en að hann hafi sjálfur borið ábyrgð á rekstri málsins frá þeim tíma og fram í mars sama ár, er hann upplýsti héraðsdóm um það 16. þess mánaðar að stefndi A *kæmi inn í málið fyrir hans hönd*. Var stefndi til samræmis við það skráður fyrir málinu eftir það, í öllum fyrirtökum málsins til 30. ágúst 2010, en þá hafði stefnandi sem fyrir segir afturkallað umboð til A til að fara með málið fyrir hans hönd. Stefnandi A var hins vegar ekki skráður fyrir málinu fyrir 16. mars 2023, sem styður mjög eindregið þá fullyrðingu hans að hann hafi ekki haft afskipti að málinu fyrir en nokkrum dögum fyrir þá fyrirtöku.

- 59 Auk framangreinds voru aðilar máls nr. E-[...] ekki að öllu leyti hinir sömu og í máli nr. [...] fyrir Hæstarétti heldur aðeins systurnar F og G. Dómur um gagnsök í því máli hefði þannig ekki bundið systkinin öll, jafnvel þótt gagnkrafa hefði verið höfð uppi í málinu, heldur aðeins systurnar, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Því var öðruvísi farið í máli nr. [...] fyrir Hæstarétti þar sem systkinin voru öll aðilar og dómur þar af leiðandi skuldbindandi fyrir þau öll, sbr. nefnt lagaákvæði.
- 60 Þá er ekkert sem bendir til þess að stefnandi hafi nokkru sinni orðað það við stefnda A að hann vildi að hann hefði uppi skaðabótakröfu á hendur hálf systkinum sínum. Ekki er heldur hægt að fallast á það með stefnanda, eins og atvikum málsins er háttað, að stefndi hefði átt að gera honum grein fyrir *mögulegum afleiðingum* þess að hann gagnstefndi ekki hálf systur hans, ásamt mögulegum afleiðingum þess ef málið tæki langan tíma fyrir dómstólum eða tefði fyrir úrlausn Hæstaréttarmálsins nr. [...].
- 61 Mál nr. E-[...] var tekið fyrir hjá Héraðsdómi Reykjavíkur 9. júní 2010. Var þá bókað í þingbók málsins að stefndi A hefði lýst því yfir að hann væri tilbúinn að falla frá frávísunarkröfu í málinu gegn því að kröfugerð hálf systra stefnenda yrði lagfærð. Var málinu við svo búið frestað til 15. sama mánaðar. Þann dag var bókað í þingbók málsins að lögmaður hálf systrana hefði meðal annars lagt fram breytta kröfugerð. Þá er haft eftir stefnda A að stefndi (stefnandi þessa máls) félli frá frávísunarkröfu í málinu þar sem kröfugerð hálf systrana hefði verið breytt.
- 62 Málsaðila þessa máls greinir á um það hvort stefndi A hafi fallið frá frávísunarkröfu í framangreindu máli án samþykkis stefnanda eða ekki. Heldur stefnandi því fram að hann hafi ekki haft vitneskju um þessa framvindu mála fyrr en eftir á og að þessi ákvörðun hafi verið tekin án samráðs við hann og án hans samþykkis. Stefndu halda hinu gagnstæða fram í greinargerð sinni, þar sem segir að stefndi A hafi ekki talið það þjóna hagsmunum skjólstæðings síns að halda við kröfu um frávísun málsins og því fallið frá þeirri kröfu með samþykki stefnanda. Málið hafi því ekki tafist vegna ágreinings um formhlið þess.
- 63 Samkvæmt framansögðu stendur orð gegn orði varðandi það hvort stefnandi hafi veitt samþykki sitt til þess að fallið yrði frá frávísunarkröfu í máli nr. E-[...]. Verður talið að það standi stefndu nær að sanna þá staðhæfingu sína að stefnandi hafi veitt samþykki sitt til þeirrar ákvörðunar, en stefndu hefur ekki tekist sú sönnun. Verður því talið að ósannað sé að samþykki stefnanda hafi legið fyrir um þá ákvörðun sem

að framan greinir. Það hefur þó að mati dómsins takmörkuð áhrif hér í ljósi þess sem síðar gerðist í málinu.

- 64 Stefnandi, sem þá hafði sjálfur tekið yfir rekstur málsins, gerði þá kröfu til vara fyrir Hæstarétti, er málið var flutt þar, að málinu yrði vísað frá héraðsdómi, sbr. kröfugerð stefnanda í Hæstaréttarmálinu nr. [...]. Hálf systur hans kröfðust þess á móti að frávísunarkröfu hans yrði hrundið. Hæstiréttur ákvað að leysa fyrst úr frávísunarkröfu stefnanda í málinu. Hafnaði rétturinn kröfunni með þeim rökum að hálf systur stefnanda hefðu lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningardóm um kröfu sína, auk þess sem krafa stefnanda um frávísun málsins væri ekki studd frekari haldbærum rökum.
- 65 Samkvæmt framansögðu var leyst úr því með dómi Hæstaréttar í málinu 26. janúar 2012, í máli nr. [...], hvort vísa hefði átt máli nr. E-[...] frá Héraðsdómi Reykjavíkur, án tillits til þess að frá frávísunarkröfu hafði verið fallið í málinu 15. júní 2010. Var kröfu stefnanda þar að lútandi hafnað. Þess utan er engan veginn hægt að gefa sér að frávísunarkrafa stefnanda í því máli hefði borið árangur, eða að málinu hefði verið vísað frá á grundvelli frávísunarkröfunnar, jafnvel þótt ekki hefði verið fallið frá henni í málinu, eins og stefnandi gefur sér í þessu máli. Um það getur enginn fullyrt nú.
- 66 Að því virtu verður ekki séð að ákvörðun um að falla frá frávísunarkröfu í máli nr. E-[...] hafi breytt nokkru fyrir framvindu málsins, óháð því hvort stefnandi hafi veitt samþykki sitt fyrir þeirri ákvörðun eða ekki. Að sama skapi verður það með vísan til framangreinds ekki metið stefnda A til sakar, að mati dómsins, að fallið var frá kröfu um frávísun málsins, enda ekki annað séð en að hann hafi þar verið að gæta hagsmuna stefnanda í málinu, eins og stefndu halda fram, svo sem með því að spara honum frekari kostnað og hraða meðferð málsins fyrir dóminum.
- 67 Þá er ekki fallist á það með stefnanda að stefndi A hafi brugðist skyldum sínum gagnvart honum með því að leiðbeina lögmanni hálf systra stefnanda um það hvernig bæta mætti úr frávísunarannmarka á máli nr. E-[...], enda verður hvorki séð af þingbók málsins né af öðrum gögnum að stefndi hafi veitt slíka leiðsögn. Þá er sem fyrr segir engan veginn hægt að fullyrða að málinu hefði verið vísað frá dómi hefðu hálf systur stefnanda haldið sig við upphaflega kröfugerð sína í málinu og stefndi A ekki fallið frá frávísunarkröfu í því.

- 68 Dómurinn getur eigi heldur fallist á það með stefnanda að stefndu beri skaðabóta-ábyrgð gagnvart honum þar sem stefndi A hafi ekki krafist frávísunar máls nr. E-[...] á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga nr. 91/1991 þar sem fyrir hafi legið við þingfestingu málsins að dæmt yrði um gildi sömu skjala og fjallað var um í máli nr. E-[...], sem stefnandi hafði þá þegar höfðað gegn H hálfbróður sínum, eða eftir atvikum vegna annarra annmarka sem stefnandi heldur nú fram að hafi verið á því máli og stefnandi telur að stefndi A hafi átt að sjá, eins og hann gefur sér í þessu máli.
- 69 Stefnandi horfir auk framangreinds alfarið fram hjá því í málatilbúnaði sínum að stefndi A gegndi aðeins hagsmunagæslu fyrir hann í stuttan tíma á árinu 2010. Stefnandi kaus sjálfur að afturkalla einhliða umboð sitt til A 27. ágúst það ár og binda þannig enda á samningssamband þeirra. Var stefnda þar af leiðandi ómögulegt að hafa áhrif á framvindu málsins frá og með þeim tíma, hvað þá á framvindu annarra mála sem stefnandi stóð þá fyrir eða síðar. Eigi að síður er á því byggt af hálfu stefnanda að stefndi beri ábyrgð á atburðum sem urðu löngu eftir þann tíma, atburðum sem stefndi A gat ekki með nokkru móti haft stjórn á eða ráðið nokkru um. Þeir atburðir geta eðli máls samkvæmt og þegar af þeim sökum ekki verið á ábyrgð stefnda A.
- 70 Stefndi A gat til að mynda ekki ráðið því hvenær dómur yrði kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur, í því máli sem hann gætti hagsmuna stefnanda í, eða haft nokkur áhrif á niðurstöðu þess umfram það sem hann hafði þegar gert með aðkomu sinni að málinu, t.a.m. með ritun greinargerðar í málinu. Á sama hátt gat stefndi, svo dæmi sé tekið, engu ráðið um ákvarðanir Hæstaréttar um að fresta meðferð máls nr. [...] fyrir dóminum eða hvenær dómur var kveðinn upp í því máli. Ekki er því fallist á að stefndi geti borið nokkra ábyrgð á því að skjölin sem stefnandi byggði eignarrétt sinn á voru dæmd ógild með dómi í héraði 8. desember 2010, í máli nr. E-[...], áður en Hæstaréttarmálið nr. [...] var flutt fyrir réttinum.
- 71 Ekki er heldur fallist á það með stefnanda að athafnir eða athafnaleyssi stefnda A hafi valdið um þriggja ára töfum á máli nr. [...] fyrir Hæstarétti. Þá verður ekkert um það fullyrt hvenær dómur í því máli hefði legið fyrir ef hagsmunagæslu stefnda A fyrir stefnanda hefði verið hagað með öðrum hætti en raun ber vitni. Þá er ekki fallist á það að stefndu beri sönnunarbyrði um að stefnandi hefði ekki höfðað skaðabótamál á hendur hálf systkinum sínum í febrúar 2011 eða á öðrum tíma er dómur Hæstaréttar um gildi nefndra skjala hefði legið fyrir. Slík ákvörðun var í höndum stefnanda eins,

en ekki í höndum stefndu. Ber stefnandi því einn ábyrgð á henni og alla sönnunarbyrði er henni tengist.

- 72 Dómurinn getur eigi heldur fallist á að stefndi A hafi átt að fylgjast með öðrum málaferlum stefnanda, sem stefndi kom hvergi nærri og gat engin áhrif haft á, til að gæta þess og tryggja að kröfur stefnanda á hendur hálf systkinum sínum fyrndust ekki, svo sem ef máli nr. [...] yrði ekki vísað frá dómi eða ef önnur málaferli stefnanda tefðust. Verður ekki talið, með hliðsjón af atvikum og gögnum málsins, að skyldur stefnda A til hagsmunagæslu fyrir stefnanda hafi náð út fyrir það mál sem honum var falið að gæta hagsmuna stefnanda í, frá þeim tíma er hann var ráðinn til þess og þar til stefnandi vék honum frá málinu 27. ágúst 2010.
- 73 Þá verður ekki séð að stefndu hafi með nokkrum hætti borið skylda til að lágmarka tjón stefnanda vegna fyrningar krafna hans á hendur hálf systkinum sínum eða vegna annarra orsaka, og enn síður að sjá til þess að kröfur stefnanda fengjust greiddar úr ábyrgðartryggingum stefndu, eins og stefnandi heldur fram. Á sama hátt verður ekki með hliðsjón af framansögðu séð, eða fallist á, að stefndi A hefði átt að leiðbeina stefnanda um úrræði ef málin þróuðust þannig að stefnandi kynni að tapa kröfum sínum, meðal annars fyrir fyrningu. Stefndi bar enga slíka skyldu gagnvart stefnanda eins og atvikum málsins var háttað.
- 74 Enn fjarlægara og fjarstæðukenndara er að stefndi A hafi átt að sjá óorðna atburði fyrir mörg ár fram í tímann, atburði sem voru háðir fjölmörgum óvissuþáttum, sem óljósir voru í ágúst 2010. Þótt gera verði ríkar kröfur til lögmanna sem sérfræðinga á sínu sviði er hvorki raunhæft né sanngjarnt að gera þá kröfu til þeirra að þeir búi yfir yfirnáttúrulegum gáfum til að sjá fyrir óorðna atburði langt fram í tímann, atburði sem þeir hafa enga möguleika á að hafa nokkra stjórn á og geta með engu móti vitað um. Stefnandi var auk þess sjálfur í mun betri aðstöðu til að hafa áhrif á framvindu þeirra atburða en stefndi A, sem hefði engu getað breytt, jafnvel þótt hann vildi eða teldi slíkt rétt.
- 75 Stefnandi hafði samkvæmt framansögðu fjögur ár frá 25. júní 2009 til að rjúfa fyrningu skaðabótakrafna sinna á hendur hálf systkinum sínum. Af þessum fjórum árum gætti stefndi A sem fyrr segir hagsmuna stefnanda í rúma fimm mánuði, frá mars 2010 og þar til stefnandi afturkallaði umboð sitt til hans með símskeyti 27. ágúst sama ár. Aðkoma stefnda var auk þess bundin við tiltekið mál, sem laut að yfirlýsingu

hálf systra stefnanda, dags. 8. febrúar 2010, og afsali og yfirlýsingu þeirra, dags. 3. maí sama ár, en ekki að skaðabótakröfum á milli hálf systkinanna. Stefnu verður samkvæmt því ekki um það kennt að stefnandi hafi ekki höfðað mál um skaðabótakröfur sínar á hendur hálf systkinum sínum fyrr en í desember 2015. Á því ber stefnandi einn ábyrgð en ekki stefndu.

- 76 Að öllu framangreindu virtu, án tillits til alls annars og með hliðsjón af umfangi þeirra málaferla sem stefnandi hefur staðið í við hálf systkini sín frá árinu 2009, og standa enn yfir eftir því sem hann hefur upplýst við meðferð þessa máls, er hreinlega fráleitt að halda því fram að fyrningu skaðabótakrafna stefnanda á hendur hálf systkinum sínum, sbr. dóm Hæstaréttar 29. janúar 2020 í máli nr. [...], megi rekja til athafna og/eða athafnaleysis stefnda A 10 árum fyrr, þ.e. á árinu 2010. Dómurinn getur því engan veginn fallist á það með stefnanda að sú staðreynd að kröfur hans á hendur hálf systkinum hans fyrndust hafi haft eitthvað með störf stefnda A fyrir hann að gera.
- 77 Með hliðsjón af öllu því sem rakið hefur verið hér að framan og að virtum atvikum málsins verður ekki séð að skilyrðum sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitanda-ábyrgð hafi verið fullnægt í máli þessu. Er í því samhengi ekki fallist á að stefndi A hafi brugðist skyldum sínum sem lögmaður gagnvart stefnanda á árinu 2010 eða að hann hafi sýnt af sér saknæma eða ólögsmæta háttsemi í störfum sínum fyrir stefnanda. Þá er hvorki fallist á að orsakasamband hafi verið á milli tjóns stefnanda og starfa stefnda A fyrir hann né að tjón stefnanda hafi verið sennileg afleiðing af störfum stefnda. Verða stefndu þegar af þessum ástæðum sýknaðir af kröfum stefnanda í máli þessu.
- 78 Þar sem ekki hefur samkvæmt framansögðu verið fallist á að skaðabótakrafa hafi stofnast á milli stefnanda og stefndu, vegna hagsmunagæslu stefnda A fyrir stefnanda á árinu 2010, reynir ekki á málsástæður stefndu um tómlæti og fyrningu í málinu. Er þar af leiðandi óþarfi að taka afstöðu til þeirra eða að fjalla frekar um þær, en stefnandi höfðaði sem fyrr segir mál þetta með stefnu birtri 4. júlí 2022. Voru þá liðin tæp 12 ár frá lokum hagsmunagæslu stefnda A fyrir stefnanda, sem stefnandi byggir á að hafi valdið honum tjóni.
- 79 Máltilbúnaður stefnanda í málinu er ekki aðeins óskýr og byggður á getgátum, eins og stefndu hafa ítrekað bent á, heldur er hann einnig órökréttur og á köflum fjarstæðu-kenndur. Þá hefur stefnandi tafið málið og flækt að ósekju, svo sem með því að leggja

fram framhaldsstefnu í málinu í framhaldi af úrskurði Landsréttar 28. mars 2023 í máli nr. [...]. Ekki er nema eðlilegt að sá er þannig stendur að málum beri þann kostnað sem gagnaðilar hans hafa haft af máli, jafnvel þótt viðkomandi sé ólöglærður, en ætla má að kostnaður stefndu í máli þessu sé umtalsverður. Mátti stefnanda vera ljóst að svo myndi verða.

- 80 Að því virtu, með vísan til úrslita málsins og með hliðsjón af 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, verður fallist á kröfur stefndu um að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu, hvorum um sig, málskostnað. Stefndu hafa ekki lagt fram tímaskýrslu heldur lagt það í mat dómsins að ákveða málskostnað. Verður hann samkvæmt því ákveðinn að álitum. Verður jafnframt miðað við að ábyrgð stefndu á lögmannskostnaði sé jöfn.
- 81 Þykir samkvæmt framansögðu rétt að stefnandi greiði stefnda A 1.736.000 krónur í málskostnað að teknu tilliti til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun lögmanns síns. Þá þykir rétt að stefnandi greiði stefnda B 1.400.000 krónur í málskostnað. Þar sem ætla verður að um virðisaukaskattsskyldan aðila sé að ræða er óþarfi að taka tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar honum til handa. Hefur í báðum tilvikum verið tekið tillit til þess að mál þetta var einnig flutt um formhlið málsins og annarri aðalkröfu stefnanda vísað frá dómi en ekki hinni. Þá hefur einnig verið tekið tillit til þess að stefnanda var gert að greiða stefndu, hvorum um sig, 150.000 krónur í málskostnað með úrskurði dómsins 14. september 2023, þar sem kröfum stefnanda í framhaldssök var vísað frá dómi.
- 82 Stefnandi flutti mál sitt sjálfur, en hann er sem fyrr segir ólöglærður. Dómari gætti á öllum stigum málsins leiðbeiningarskyldu gagnvart stefnanda, sbr. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, þ. á m. um það að hann mætti eiga von á því að verða gert að greiða gagnaðilum sínum málskostnað ef málið tapaðist.
- 83 Af hálfu stefndu flutti málið Almar Þór Möller lögmaður.
- 84 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndu, A og B, eru sýkn af kröfum stefnanda, Jakobs Adolfs Traustasonar, í málinu.

Stefnandi greiði stefnda A 1.736.000 krónur í málskostnað. Stefnandi greiði stefnda B ehf. 1.400.000 króna í málskostnað.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson